

Júlí 1967

6

Fréttabréf

Kjararannsóknarnefndar

F R É T T A B R É F

6

Kjararannsóknarnefnd er þannig skipuð
1 júlí 1967.

Björgvin Sigurðsson (formaður)

Björn Jónsson

Helgi Bergs

Hjalti Kristgeirsson

Sigurvin Einarsson

Þorvarður Alfonsson

Efniryfirlit:

1. Þróun tímakaups og vinnutíma í Reykjavík ársfjórðungslega 1966. Birtar eru niðurstöður úr launaskýrslum fyrir árið 1966.
2. Grundvöllur að útreikningi kaupmáttar launa. Gerð er tilraun til að gera árið 1966 að grundvallarári þessháttar útreikninga í framtíðinni. Er þetta eingöngu byggt á tölum úr launastatistikinni 1966, um meðaltímakaup verkamanna og tímakaup verkamanna í dagvinnu og neytluvísitölu, samkvæmt samkomulagi (sjá Fréttabréf 2 og 5).
3. Tölur um tímakaup og vinnutíma.

Tölur 1-5	Verkamenn. Tímakaup.
Tölur 6-10	Verkamenn. Vinnutími.
Tölur 11-15	Iðnaðarmenn. Flugáhafnir. Tímakaup.
Tölur 16-20	Iðnaðarmenn. Vinnutími.
Tölur 21-23	Verkakonur. Tímakaup. Vinnutími.
4. Vísitala framfærslukostnaðar 1959-1967.
Vísitala neytluvöru og þjónustu 1959-1967.
Kaupgreiðsluvísitala 1965-1967.

Þróun tímakaups og vinnutíma í Reykjavík árið 1966.

Eins og skýrt er frá í Fréttabréfi 4 var unnið að því að stækka það úrtak verkamanna og iðnaðarmanna í Reykjavík, sem skýrslugerð Kjararannsóknarnefndar byggist á fyrir árið 1966, og eins var úrvinnsla á frumgögnum breytt í það horf, að hún fer nú fram í tölvu Háskólans og skýrsluvélum. Þar sem hér var um byrjunarverk að ræða, tók það lengri tíma að yfirvinna alla byrjunarörðugleika en gert hafði verið ráð fyrir, og eru ársfjórðungslegar upplýsingar um árið 1966 mun seinna á ferðinni en ætlað var. Á þessum byrjunarörðugleikum hefur nú verið sigrazt, og má því búast við reglu- bundinni útgáfu ársfjórðungsskýrslna framvegis.

Stækkun úrtaksins og breytingar á úrvinnslu frumgagna hafa það í för með sér, að óvarlegt er að bera saman niðurstöður ársins 1965 við árið 1966, án þess að gera sér ræki- lega grein fyrir því, hvort áður nefndar niðurstöður innihalda sömu eða sambærilega hópa, og hvort útreikningar eru fram- kvæmdir á sama hátt. Þá ber þess að gæta, að vegna úrvinnslu frumgagna í tölvu, reyndist heppilegt að breyta þeim töflu- formum, sem áður höfðu verið notuð. Sézt þetta best með því að bera saman tímakaups- og vinnutímatöflurnar hér á eftir við tilsvarendi töflur í Fréttabréfi 1-4. Skal hér reynt að skýra þau atriði, sem frábrugðin eru þeim upplýsingum, sem áður hafa verið birtar, um launastatistik fyrri ára.

Fyrst má nefna, að við stækkun úrtaksins koma inn í skýrslurnar fyrirtæki, sem ekki hafa áður fengið upplýsingar frá, og nýir starfshópar, sem getur haft áhrif til lækkunar eða lækkunar á meðaltímakaupi ýmissa hópa, og gert þá ósambær- lega við eldri tölur, nema umreikningur fari fram, sem eyði misræminu.

Þá hafa komið með í úrtakið fyrirtæki, sem greiða bæði fast tímakaup og bónus fyrir ákveðin verk. Eru þessar bónus- greiðslur gerðar upp einu sinni eða oftár á ári og geta því valdið verulegum sveiflum á ársfjórðungslegum tímakaupstöflum. Áhrif þessi á ársmeðaltöl eru miklu minni, vegna þess að mestur

hlúti þessara greiðslna fer fram á því ári, sem fyrir þessu er unnið. Af þessari ástæðu er réttara að nota ársmeðaltöl en ársfjórðungsmeðaltöl, þegar nota á þær tölur, sem hér eru birtar, a. m. k. þangað til upplýsingar um nokkur ár í röð liggja fyrir og séð verður, hvort þessar greiðslur fylgja ákveðinni reglu eða ekki.

Um upplýsingar þær um byggingarvinnu, sem hér eru birtar, skal tekið fram, að þær ná of skammt og naumast til algengustu byggingarvinnu, m. a. vegna þess, að stórt fyrirtæki, sem látið hafði í té upplýsingar á 1. ársfjórðungi, varð að hætta starfsemi sinni á 2. ársfjórðungi, og vegna öruggleika á upplýsingasöfnun, sökum þess hve vinnuaflið dreifist á marga og smáa vinnustaði.

Þá ber einnig að undirstrika það, að vinnutímastyttingin, sem samið var um á miðju ári 1965, kemur fram sem hækkun á tímakaupinu árið 1966 og hefur í för með sér um það bil 4,5 % hækkun á ársmeðaltali tímakaupsins, miðað við ársmeðaltalið 1965. Þessi breyting kemur svo að sjálfsögðu ekki fram í samanburði milli árana 1966 og 1967, þegar þau ár verða borin saman.

Breytingar þær, sem nú verða á sjálfri töflugerðinni, eru einkum þær, að nú eru annarsvegar birtar tímakaupstöflur og hinsvegar vinnutímátöflur. Í tímakaupstöflunum er sýnt tímakaupið í dagvinnu, sundurliðað eftir nokkrum starfsgreinum, og síðan reiknað út álag á dagvinnukaupið fyrir þær vinnustundir, sem greiddar eru vikukaupsmönnum á helgidögum (sem ekki eru unnir), og sömuleiðis álag á dagvinnukaupið fyrir eftirvinnu og næturvinnu. Tímakaupið í dagvinnu að viðbættum þessum álögum er svo kallað meðaltímakaup. Hér getur þó komið fram 1-2 auru skekkja í samlagningunni, sem stafar af því, að tölvan hefur hækkað upp eða sleppt broti úr eyri. Talan, sem birt er sem meðaltímakaup, á að vera nákvæmari en summan.

Ef til vill er einfaldast að skýra þennan útreikning á "álögum" á tímakaupið í dagvinnu þannig: Ef litið er á 1. töfluna hér á eftir, "Tímakaupstafla - 1. ársfj. 1966. Verkamenn", stendur í 1. línu "Fiskvinna" og þar út frá (dálkur 7) meðaltímakaup kr. 56,94. Í dálki 6 í þessari línu stendur svo "Næturvinnuálag" kr. 6,67 (á hverja klst.). Þetta álag

(kr. 6,67) er sú upphæð, sem meðaltímakaupið (dálkur 7) mundi lækka um á þessum ársfjórðungi, ef engin næturvinna hefði verið unnin. Á sama hátt má svo skýra "eftirvinnuálagið" og "helgidagaálagið". Helgidagaálagið er mest á 2. ársfjórðungi, enda falla flestir helgidagar ársins á þann ársfjórðung.

Í tímakaupstöflunum er sýndur heildarvinnustundafjöldi hvers hóps (í þusundum vinnustunda). Töflur þær, sem hér eru birtar, ná þannig til 5.574.000 vinnustunda árið 1966, og fyrir þær voru greiddar kr. 406.401.000.- fyrir utan orlof, en orlof er hvergi meðtalið í kaupi í þessum töflum. Í kaupinu eru hinsvegar taldar allar aðrar greiðslur, svo sem veikindadagar, bónus, greiddir kaffitímar o. sv. frv., enda eru þá tilsvarendi tímar einnig taldir með í vinnustundum.

Til viðbótar við tímakaupstöflurnar eru birtar hér vinnutíma- og kaupgreiðslutöflur. Í þeim er sýndur heildarvinnutíminn í þusundum vinnustunda og hlutfallsleg (%) skipting þessa vinnutíma í dagvinnutíma, eftirvinnutíma og næturvinnutíma. Einnig er sýnt í þessum töflum heildarkaupið, sem greitt er fyrir umræddar vinnustundir innan hvers hóps, og samtals fyrir alla hópana ársfjórðungslega og allt árið.

Verkamenn

Hér á eftir fara 10 töflur, þar sem fjallað er um tíma-kaup nokkurra hópa verkamanna í Reykjavík árið 1966 og vinnutíma. Fyrstu fimm töflurnar sýna tímakaupið í dagvinnu ársfjórðungslega og ársmeðaltöl, álgur á þetta tímakaup og meðaltímakaupið.

Eins og áður er verkamannavinnu hér skipt í þrjá aðalflokka, almenna verkamannavinnu, aðstoð við fagvinnu og vélstjórn, þ. e. þá, sem stjórna bílum eða þungavinnuvélum. Undir almenna verkamannavinnu fellur þá vinna með ýmiskonar vélum og tækjum, svo sem lyftivélum, loftborum o. þ. h. Hverjum þessara aðalflokka er síðan skipt í minni hópa eins og töflurnar bera með sér, og síðan er gerð tilraun til að veða þessa hópa saman þannig, að út fáið eitt meðaltímakaup, sem þá mætti kalla verkamannakaup í Reykjavík á hverjum ársfjórðungi og ári.

Tímakaup verkamanna

Samkvæmt töflunum verða þá niðurstöðurnar þessar á hverjum ársfjórðungi 1966:

	<u>Tímakaup</u> <u>í dagvinnu</u>	Meðal- <u>tímakaup</u>
	Kr.	Kr.
1. ársfjórðungur:		
Almenn verkamannavinna	52,10	60,28
Aðstoð við fagvinnu	60,84	67,74
Vélstjórn	<u>56,70</u>	<u>66,49</u>
Samanvegið	<u>52,00</u>	<u>62,33</u>
2. ársfjórðungur:		
Almenn verkamannavinna	55,14	70,27
Aðstoð við fagvinnu	63,49	78,42
Vélstjórn	<u>59,66</u>	<u>78,09</u>
Samanvegið	<u>57,24</u>	<u>72,85</u>
Hækkun frá 1. ársfj. %	5,34	16,61
3. ársfjórðungur:		
Almenn verkamannavinna	56,04	65,65
Aðstoð við fagvinnu	65,64	74,32
Vélstjórn	<u>62,20</u>	<u>76,44</u>
Samanvegið	<u>59,50</u>	<u>70,08</u>
Hækkun frá 1. ársfj. %	8,18	10,66
4. ársfjórðungur:		
Almenn verkamannavinna	59,38	69,30
Aðstoð við fagvinnu	69,15	78,39
Vélstjórn	<u>65,32</u>	<u>78,96</u>
Samanvegið	<u>62,82</u>	<u>72,52</u>
Hækkun frá 1. ársfj. %	14,21	16,10

Á fyrsta ársfjórðungi er meðaltímakaupið 15,1 % hærra en tímakaupið í dagvinnu. Á 2. ársfjórðungi er það 27,5 % hærra, á 3. ársfjórðungi 19,0 % hærra og á 4. ársfjórðungi 17,0 % hærra.

Á þennan samanburð hefur stytting vinnuvikunnar engin áhrif. En á 2. ársfjórðungi er helgidagaálagið mest. Vegna stækkunar og breytingar á úrtaki því, sem lagt er til grundvallar þessum upplýsingum, er erfitt að bera þær saman við árið 1965. Þó skulu hér bornir saman þeir hópar, sem líkastir eru bæði árin. Tölur fyrir árið 1965 eru ekki sambærilegar við eldri tölur í Fréttabréfum, vegna umreiknings, sem reyndist nauðsynlegur, vegna breytinga á skýrslugerðinni.

	<u>Tímak. í dagvinnu</u>			<u>Meðaltímakaup</u>		
	1965	1966	Hækkun	1965	1966	Hækkun
	Kr.	Kr.	%	Kr.	Kr.	%
<u>Alm. verkamenn:</u>						
Fiskvinna	41,24	49,30	19,5	51,30	61,90	20,7
Hafnarvinna	42,93	51,11	19,1	53,42	62,18	16,4
Skipasm.og viðg.	45,43	55,15	21,4	54,52	67,30	23,4
Ymis alm.vinna	48,47	57,57	18,8	57,23	69,78	21,9
Meðalhækkun			19,3			20,1
<u>Aðst.m. v/fagv.:</u>						
Aðst.m. v/járnsn.	53,13	64,60	21,6	61,65	75,21	22,0
<u>Stjórnendur véla:</u>						
Bílstjórar	50,23	60,63	20,7	60,55	74,00	22,2
Kranastjórar	50,76	62,33	22,8	60,78	79,02	30,0
Meðalhækkun			<u>21,1</u>			<u>23,8</u>
Ársmeðalhækkun			20,0			21,3

Þetta yfirlit sýnir, að tímakaupið í dagvinnu hækkar frá 18,8 % (ýmis alm. vinna) í 22,8 % (kranastjórar). Meðaltímakaupið hækkar frá 16,4 % (hafnarvinna) til 30,0 % (kranastjórar). Eftirvinna og næturvinna í hafnarvinnu er nokkru minni árið 1966 en var árið 1965, og speglast það í þessum prósentum. Annarsstaðar virðist vinnutíminn vera svipaður eða lengri en hann var árið 1965, þannig að gera má ráð fyrir, að hann sé að meðaltali óbreyttur frá því, sem áður var.

Breytingar á tímakaupi í dagvinnu frá 1965 til 1966 eru þannig tilkomnar, lauslega reiknað:

Hækkun kaupgjaldsvísitölu	8,2 %
Stytting vinnuviku í júlí 1965	4,5 %
Taxtahækkun	- - - 2,0 %
Aldursflokkun	- - - 1,5 %
Taxtahækkun	- - 1966 1,8 %
Taxtatilfærslur 1965 og 1966	<u>2,0 %</u>
	20,0 %

Breytingar á árinu 1966 munu svo hafa í för með sér um 6 % hækkun á tímakaupinu í dagvinnu 1967, borist saman við tímakaupið 1966.

Skipting vinnutímans

Hlutfallsleg skipting vinnutímans er nokkuð mismunandi milli ársfjórðunga eins og eftirfarandi yfirlit sýnir:

	Dvt	Evt	Hvt	Samt.
	%	%	%	%
<u>Verkamenn</u>				
<u>samanvegin meðaltöl</u>				
1. ársfjórðungur	76,9	13,4	9,7	100,0
2. -	70,4	13,3	16,3	100,0
3. -	74,3	13,5	12,2	100,0
4. -	75,8	13,8	10,4	100,0
Ársmeðaltal	74,3	13,5	12,2	100,0

Eins og þessar tölur bera með sér er yfirvinna (eftir- og naturvinna) minnst á 1. ársfjórðungi, lengst á 2. ársfjórðungi, en fer nokkuð jafnt minnkandi úr því, á 3. og 4. ársfjórðungi. Er þetta mjög svipað og 1965, þó að ekki sé rétt að fullyrða of mikið um það, vegna breytinga á úrtakinu 1966 frá 1965.

Almennt má segja, að hlutfallsleg skipting vinnutímans sé svipuð árin 1965 og 1966, eins og sjá má af eftirfarandi yfirliti (1965 - Fréttabréf 3, bls. 16).

	Dvt	Evt	Nvt
	%	%	%
a. Alm. verkamenn:			
1966 (í heilum tölum)	74	14	12
1965	74	14	12
b. Aðst. v/fagvinnu:			
1966 (í heilum tölum)	80	14	6
1965	77	14	9
c. Vélstjórn:			
1966 (í heilum tölum)	71	12	17
1965	70	14	16
Samanvegið a-c:			
1966 (í heilum tölum)	74	14	12
1965	74	14	12

Meginbreytingarnar á árinu 1966 virðast þær, að næturvinna hefur minnkað hjá hafnarverkamönnum, en aukizt hjá þeim, sem stjórna þungavinnuvélum. Aðrar breytingar á vinnutíma geta stafað af breytingu úrtaksins. Þó má fullvíst telja, að vinnutíminn í heild sé mjög svipaður bæði árin.

Iðnaðarmenn

Eins og að undanförunu ná þær upplýsingar, sem hér eru birtar, um þróun tímakaups og vinnutíma iðnaðarmanna, eingöngu til þeirra, sem vinna aðallega í tímavinnu, þó að í sumum tilfellum sé greiddur bónus fyrir ákveðin verk, sem þá kemur til hækkunar á tímakaupinu á þeim ársfjórðungi, sem hann er borgaður út, enda þótt hann geti verið fyrir vinnu á ársfjórðungnum á undan að nokkru eða öllu leyti. Skal því enn á það bent, að nota hér töluna um ársmeðaltöl tímakaupsins, ef nota á þessar upplýsingar í sambandi við hagnýta útreikninga og ástlanir. Úrtakið nú nær til allmiklu fleiri en áður, og er því beinn samanburður við fyrri ár án fyrirvara óráðlegur. Breytingar á kaupgjaldi iðnaðarmanna á árinu 1965 hafa hér meiri áhrif til hækkunar 1966, samanborið við 1965, en hjá verkamönnum, vegna þess hve iðnaðarmanna-

félögin gerðu sína samninga seint á árinu 1965. Þær kjara-
breytingar, sem iðnaðarmenn sömdu um á því ári, höfðu því
tiltölulega lítil áhrif á ársmeðaltal tímakaups í dagvinnu
og meðaltímakaups árið 1965, en koma hinsvegar fram með
fullum þunga allt árið 1966.

Árið 1965 fengust aðeins upplýsingar um 5 hópa iðnaðar-
manna, en 10 hópa á árinu 1966 eins og töflurnar bera með
sér. Auk þess eru nú gerðar þær breytingar á töflunni, að
þar sem áður var flokkað eftir stéttarfélögum, er nú flokkað
eftir starfi, án tillits til þess í hvaða félagi iðnaðar-
mennirnir eru. Þannig eru t. d. bæði járnsmiðir og skipa-
smiðir í flokkinum "skipasmíðar og viðgerðir".

Tímakaup

En þó að erfitt sé af framangreindu að bera fyllilega
saman árin 1965 og 1966, skal þó sýndur eftirfarandi saman-
burður. Er þá meðaltímakaupi 1965 breytt með tilliti til
útreiknings helgidagaálags 1966:

	<u>Tímak. í dagvinnu</u>			<u>Meðaltímakaup</u>		
	1965 Kr.	1966 Kr.	Hækkun %	1965 Kr.	1966 Kr.	Hækkun %
<u>Tímavinna:</u>						
Málmsmiðar	60,90	75,40	23,8	71,00	90,33	27,2
Bifvélavirkjun	64,20	78,86	22,8	74,30	89,65	20,7
Rafvirkjun	63,10	79,14	25,4	74,20	93,46	26,0

Tímakaupið í dagvinnu er hér 22,8 % til 25,4 % hærra en
á árinu 1965, en meðaltímakaupið 20,7 % til 27,2 % hærra en
1965. Hækkun vísitölnunnar 1966 hefur í för með sér ca. 8,2 %
hækkun á tímakaupinu á því ári frá 1965, en afgangurinn á
hækkun tímakaupsins í dagvinnu á árinu 1966 frá 1965 stafar
af kjarasamningnum undir árslok 1965.

Vinnutími

Hlutfallsleg skipting vinnutímans fyrir þessa þrjá starfs-
hópa árin 1965 og 1966 er þannig: (Fréttabréf 3)

	Dvt	Evt	Nvt
	%	%	%
Málsmiðar			
1966 (heilar tölur)	74	14	12
1965	79	13	8
Bifvélavirkjun			
1966 (heilar tölur)	83	11	6
1965	80	13	7
Rafvirkjun			
1966 (heilar tölur)	76	14	10
1965	77	14	9

Yfirvinna (næsturvinna og eftirvinna) virðist hafa aukizt hlutfallslega við málsmiðar og rafvirkjun árið 1966, en minnkað við bifvélavirkjun. Þessi þróun speglast svo ljóslega í meðaltímakaupinu hér að framan, þegar borin er saman hlutfallsleg hækkun tímakaups í dagvinnu og meðaltímakaupsins.

Annað

Að þessu sinni eru einnig birtar upplýsingar um flugáhafnir og verkakomur í töflunum, sem hér fara á eftir. En með því að þetta er í fyrsta sinn, sem upplýsingar um þessa starfshópa eru birtar, er hér vísað til þess, er lesa má úr töflunum.

Grundvöllur að útreikningi kaupmáttar launa.

1. Meðaltíma kaup.

Eins og áður hefur verið skýrt frá í Fréttabréfum Kjararannsóknarnefndar (2 og 5), var að því stefnt að nota launastatistik nefndarinnar m. a. til að fylgjast með þróun kaupmáttar launa. Í því skyni átti að nota meðaltíma kaupið, samanvegið fyrir hina ýmsu hópa verkamanna, sem mælikvarða fyrir þróun launa þeirra og hina nýju framfærsluvísitölu Hagstofu Íslands, eða umsamda neytluvísitölu (sbr. Fréttabréf 2) sem mælikvarða fyrir þróun verðlags. Að því var einnig stefnt, að þessar mælingar gætu hafizt á árinu 1966, en af því gat ekki orðið, þar sem hin nýja framfærsluvísitala hefur ekki enn verið láfin taka gildi. Nú liggja hinsvegar fyrir, í þessu Fréttabréfi, upplýsingar um meðaltíma kaup verkamanna í Reykjavík ársfjórðungslega árið 1966, og má samkvamt þeim upplýsingum reikna út vísitölu launa ársfjórðungslega árið 1966, þar sem meðaltíma kaupið t. d. á 1. ársfjórðungi 1966 er sett = 100. Með því að nota neytluvísitölu Kjararannsóknarnefndar (sjá Fréttabréf 2 og Fréttabréf 5, bls. 28-32) má gera tilraun til að setja upp vísitölugrundvöll til að mæla þróun kaupmáttar launa ársfjórðungslega árið 1967 og áfram, þó að sú vísitala verði e. t. v. ekki hin sama og orðið hefði, ef nýja framfærsluvísitalan hefði verið tilbúin til notkunar í þessu skyni.

En þó að þessi tilraun sé gerð nú, má breyta þessum útreikningum í samræmi við hina nýju framfærsluvísitölu Hagstofunnar, þegar hún tekur gildi.

Rétt er að taka það fram, að reiknað er með, að "nefskattar" þeir, sem hér er bætt við A-1ið framfærsluvísitölu Hagstofunnar, hafi verið óbreyttir allt árið 1966. Ahrif þau, sem þessir nefskattar hafa á A-1ið framfærsluvísitölnnar árið 1966, eru þau, að "neytluvísitala" Kjararannsóknarnefndar fellur saman við framfærsluvísitölu Hagstofunnar í heild á þessu ári, þegar þær eru settar = 100 á 1. ársfjórðungi 1966.

Með þessum skýringum og þeim fyrirvara, að þessi sýnishorn kunna að taka breytingum, þegar öll gögn hafa verið könnuð til fullrar hlýtar, og þá sérstaklega upplýsingar um þá

hópa verkamanna, sem í töflunum hér að framan verða að teljast ófullkomnar (sbr. það, sem þar er sagt), fara hér á eftir útreikningar, sem sýna þróun kaupmáttar meðaltímakaups verkamanna í Reykjavík ársfjórðungslega árið 1966, þar sem 1. ársfjórðungur á því ári er notaður sem viðmiðunartímabil og því settur = 100.

Ár	Samantvegið meðal-tímakaup (meðalt.k. Kr.)	Vísitala launa (meðalt.k.)	Neyzlu-vísitala (212=100)	Vísitala kaupmáttar launa (meðalt.k.)
1966				
1. ársfjórðungur	63,33	100,0	100,0	100,0
2. -	73,85	116,6	103,4	112,8
3. -	70,08	110,7	106,5	103,9
4. -	<u>73,53</u>	<u>116,1</u>	<u>107,1</u>	<u>108,4</u>
Ársmeðaltal	70,20	110,8	104,2	106,3

Sveiflurnar í vísitölu launa spegla breytinguna á eftirvinnu og næturvinnu frá ársfjórðungi til ársfjórðungs, þ. e. árstíðasveiflur í vinnuafliþörfinni. Auk þess sem 2. ársfjórðungur ber þess greinileg merki, að á hann falla langflestir helgidagar. Hæst kemst þessi vísitala á 2. ársfjórðungi og verður svipuð á 4. ársfjórðungi. Yfirvinna er mest á 2. ársfjórðungi, eins og áður er að vikið, en grunnkaupshækkanir á 3. ársfjórðungi og hækkun vísitölu 1. september koma fram með fullum þunga á 4. ársfjórðungi.

Það ber að undirstrika rækilega, að hér er aðeins um að ræða grundvöll til viðmiðunar á árinu 1967 og síðar, á sama hátt og þegar marzmaður 1959 var valinn sem grunntala núverandi framfærsluvísitölu Hagstofunnar, og því má ekki líta svo á, að þær vísitölur, sem hér eru birtar, sýni þróun á kaupmætti launa, miðað t. d. við árið 1965.

Það væri því t. d. alrangt að halda því fram, að þessar vísitölur sýndu, að kaupmáttur launa hefði vaxið árið 1966, miðað við árið 1965. Hér er ekki verið að bera neitt slíkt saman. En þó að þetta ætti að vera auðséð og auðskilið, þykir rétt að undirstrika það rækilega, þar sem hér er um viðkvæm mál að ræða og tilheygingar til rangtúlkunar því mjög skaðlegar.

Takist Kjararannsóknarnefnd að koma upp mælikvarða til að mæla kaupmátt launa og breytingar á honum frá ári til árs,

byggðum á launaskýrslum nefndarinnar, væri það sennilega sú bezta aðstoð, sem nefndin gæti veitt samtökum launþega og vinnuveitenda, þegar til lengdar léti. Hitt liggur ljóst fyrir, eins og áður hefur verið tekið fram, að þetta er erfitt verk og vandasamt, og líklegt til að vekja óánægju, jafnvel tortryggni fyrst í stað, einkum ef það yrði af einhverjum misnotað, meðan þetta verk er á byrjunarstigi.

2. Tímakaup í dagvinnu

Á sama hátt og vísitala launa og kaupmáttur launa (meðaltímakaupsins) er reiknuð út hér að framan, má nú reikna út vísitölur tímakaups í dagvinnu og kaupmáttar tímakaups í dagvinnu, samkvæmt þeim upplýsingum, sem er að finna í töflunum hér að framan um tímakaupið í dagvinnu.

Þeir útreikningar verða þá þannig:

	Samanvegið tímakaup í dagv. Kr.	Vísitala tímak.	Neyzlu- vísitala	Vísitala kaupmáttar tímakaups
1. ársfjórð. 1966	55,00	100,0	100,0	100,0
2. - -	57,94	105,3	103,4	101,8
3. - -	59,50	108,2	106,5	101,6
4. - -	<u>62,82</u>	<u>114,2</u>	<u>107,1</u>	<u>106,6</u>
Ársmeðaltal	58,82	106,9	104,2	102,6

Samkvæmt þessu er þá kaupmáttur tímakaupsins 6,6 % meiri á 4. ársfjórðungi 1966 en á 1. ársfjórðungi, og að meðaltali er kaupmáttur tímakaupsins í dagvinnu 2,6 % hærri yfir árið en á 1. ársfjórðungi. Mismunurinn á milli kaupmáttar tímakaupsins í dagvinnu og meðaltímakaupsins sýnir fyrst og fremst, hvernig yfirvinna breytist frá ársfjórðungi til ársfjórðungs. Að öðru leyti gilda um þessa vísitölu sömu skýringar og vísitölu launa.

Vísitala samningsbundins tímakaups

Í Fréttabréfi 5 (bls. 28-33) eru birtar vísitölur um samningsbundið tímakaup þriggja hópa verkamanna og kaupmátt þess, og vísast til þess til samanburðar.

Tafla 1Tímakaupstafla - 1. ársfj. 1966.

1)

Verkamenn <u>Véltafila 245</u>	Helldar		Tímak.	Helgid.	Eftirv.	Naturv.	Meðal
	vinnust.		í dagv.	álag	álag	álag	tímak.
	<u>pús.</u>	<u>Vog</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>
	1	2	3	4	5	6	7
<u>Alm. verkam.v.</u>							
Fiskvinna	61	15	47.00	.24	3.03	6.67	56.94
Hafnarvinna	255	20	47.73	.30	4.27	2.91	55.22
Pakkhúsvinna	37	3	52.49	.44	3.13	3.57	59.64
Lyftaravinna	30	2	49.79	.12	4.50	3.51	57.93
Byggingarvinna	26	10	56.46	.43	3.84	2.25	63.00
Afgreiðslustörf	12	7	61.65	.55	3.11	4.98	70.30
Bæjarvinna	162	15	51.62	.52	4.13	2.90	59.18
Verksmiðjuvinna	78	11	54.75	.45	3.99	3.17	62.38
Slippvinna	21	2	52.56	.36	3.94	7.12	63.99
Ymis alm. vinna	86	15	54.34	.58	3.63	4.84	63.41
<u>Vegið meðaltal</u>	768	100	52.10	.41	3.78	3.99	60.28
<u>Aðstoð v. fagv.</u>							
Málmsmiði	36	35	59.06	.62	4.52	2.45	66.67
Trésmiði	22	30	56.52	.62	4.29	1.56	63.00
Bifvélavirkjun	26	35	66.31	.67	3.46	2.43	72.89
<u>Vegið meðaltal</u>	84	100	60.84	.64	4.08	2.18	67.74
<u>Vélstjórn</u>							
Bílstjórar	136	80	56.81	.52	3.42	5.22	65.99
Ytu- og kranastj.	59	20	56.25	.52	4.60	7.14	68.52
<u>Vegið meðaltal</u>	195	100	56.70	.52	3.66	5.61	66.49
<u>Samantvegið:</u>							
Alm. verkam.v.	768	55	52.10	.41	3.78	3.99	60.28
Aðstoð v. fagvinnu	84	20	60.84	.64	4.08	2.18	67.74
Vélstjórn	195	25	56.70	.52	3.66	5.66	66.49
	1047	100	55.00	.48	3.81	4.05	63.33

1) Skekkja í samlagningu á dálkum 3-6 getur numið 1-2 aorum, sjá ath. bls. 2

Tafla 2

Tímakaupstafla - 2. ársfj. 1966

Verkamenn	Heildar		Tímak. Helgid.		Eftirv.	Næsturv.Meðal	
	vinnust.		í dagv. álag		álag	álag tímak.	
	<u>bús.</u>	<u>Vog</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>
	1	2	3	4	5	6	7
<u>Véltafila 245</u>							
<u>Alm. verkam.v.</u>							
Fiskvinna	41	15	49.75	3.10	3.74	11.44	68.03
Hafnarvinna	295	20	49.43	4.09	3.92	7.14	64.58
Pakkhúsvinna	37	3	55.89	4.40	3.43	6.51	70.24
Lyftaravinna	29	2	50.07	3.30	4.25	7.59	65.23
Byggingarvinna 1)	27	10	71.38	4.34	4.92	5.22	85.87
Afgreiðslustörf	13	7	64.23	5.49	3.30	6.03	79.06
Bæjarvinna	86	15	49.77	4.89	3.69	4.24	62.61
Verksm.vinna	41	11	57.48	6.13	3.75	2.40	69.78
Slippvinna	20	2	53.39	5.92	3.57	7.59	70.47
Ymis alm.vinna	81	15	57.52	6.02	3.38	7.33	74.26
<u>Vegio meðaltal</u>	670	100	55.14	4.73	3.80	6.59	70.27
<u>Aðstoð v. fagvinnu</u>							
Málmsmíði	35	35	66.02	6.91	4.25	5.08	82.28
Trésmíði	22	30	55.50	6.02	3.78	3.08	68.38
Bifvélavirkjun	19	35	67.81	7.06	3.32	4.99	83.21
<u>Vegio meðaltal</u>	76	100	63.49	6.70	3.78	4.45	78.42
<u>Vélstjórn</u>							
Bílstjórar	141	80	58.98	5.18	3.26	9.26	76.69
Ytu- og kranastj.	61	20	62.38	3.61	5.12	12.63	83.69
<u>Vegio meðaltal</u>	202	100	59.66	4.87	3.63	9.93	78.09
<u>Samanvegið:</u>							
Alm. verkam.v.	670	55	55.14	4.73	3.80	6.59	70.27
Aðstoð v.fagv.	76	20	63.49	6.70	3.78	4.45	78.42
Vélstjórar	202	25	59.66	4.87	3.63	9.93	78.09
	948	100	57.94	5.16	3.75	7.00	73.85

1) Sjá athugasemd í greinargerð, bls. 2.

Tafla 3

Tímakaupstafla - 3. ársfj. 1966.

Verkamenn <u>Véltafla 245</u>	Heildar		Tímak.	Helgid.	Eftirv.	Naturv.	Meðal-
	vinnust.Vog í dagv.		álag	álag	álag	tímak.	
	<u>pús.</u>		<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>
	1	2	3	4	5	6	7
<u>Alm. verkam. v.</u>							
Fiskvinna	23	15	47.89	.00	4.02	6.75	58.66
Hafnarvinna	297	20	53.39	.00	5.05	5.40	63.84
Pakkhúsvinna	33	3	54.15	.04	3.49	4.68	62.38
Lyftaravinna	27	2	56.73	.03	5.38	4.70	66.86
Byggingarvinna	24	10	67.48	.05	5.03	4.47	77.05
Afgreiðslustörf	18	7	63.69	.06	3.34	4.12	71.22
Bæjarvinna	72	15	54.43	.04	5.05	3.06	61.60
Verksmiðjuvinna	39	11	57.73	.05	4.01	4.33	66.14
Slippvinna	19	2	56.45	.03	4.15	6.65	67.29
Ýmis al. vinna	70	15	58.13	.05	4.03	6.63	68.85
<u>Vegið meðaltal</u>	622	100	56.04	.02	4.45	5.13	65.65
<u>Aðstoð v.fagvinnu</u>							
Málmsmiði	31	35	63.35	.06	4.95	4.13	72.50
Trésmiði	21	30	64.75	.06	5.58	1.92	72.32
Bifvélavirkjun	21	35	68.69	.06	4.23	4.89	77.88
<u>Vegið meðaltal</u>	73	100	65.64	.06	4.89	3.74	74.33
<u>Vélstjórn</u>							
Bílstjórar	145	80	60.75	.05	3.99	8.97	73.78
Ýtu - og kranastj.	57	20	67.99	.06	6.43	12.64	87.14
<u>Vegið meðaltal</u>	202	100	62.20	.05	4.48	9.71	76.44
<u>Samanvegið:</u>							
Alm. verkam.v.	622	55	56.04	.02	4.45	5.13	65.65
Aðstoð v.fagv.	73	20	65.64	.06	4.89	3.74	74.33
Vélstjórn	202	25	62.20	.05	4.48	9.71	76.44
	897	100	59.50	.04	4.55	6.00	70.08

Tafla 4

Tímakaupstafla - 4. ársfj. 1966

Verkamenn <u>Véltafla 245</u>	Heildar		Tímak.		Heildar.		Eftirv.		Næturv.		Meðal-	
	vinnust.		í dagv.		álag		álag		álag		tímak.	
	<u>pús.</u>	<u>Vog</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>		
	1	2	3	4	5	6	7					
<u>Alm. verkam.v.</u>												
Fiskvinna	25	15	52.57	.55	3.41	7.46	64.00					
Hafnarvinna	295	20	53.89	.57	5.15	5.47	65.10					
Pakkhúsvinna	39	3	59.32	.60	4.04	5.17	69.16					
Lyftaravinna	31	2	54.12	.54	5.32	6.36	66.36					
Byggingarvinna	11	10	70.87	.60	6.38	1.02	78.89					
Afgreiðslustörf	16	7	78.15	1.08	2.89	4.67	86.79					
Bæjarvinna	121	15	54.42	.68	4.44	2.82	62.37					
Verksmiðjuvinna	38	11	62.99	.86	4.09	2.24	70.20					
Slippvinna	18	2	58.20	.56	4.35	4.32	67.45					
Ymis alm. vinna	75	15	60.27	.84	4.54	6.95	72.62					
<u>Vegíð meðaltal</u>	669	100	59.38	.69	4.49	4.72	69.30					
<u>Aðstoð v.fagv.</u>												
Málsmíði	35	35	69.98	.98	5.02	3.41	79.40					
Trésmíði	29	30	62.32	.87	5.19	1.59	70.00					
Bífvélavirkjun	23	35	74.15	1.01	5.04	4.37	84.59					
<u>Vegíð meðaltal</u>	87	100	69.15	.96	5.08	3.20	78.39					
<u>Vélstjórn</u>												
Bílstjórar	116	80	65.97	.88	4.46	8.19	79.52					
Ytu- og kranastj.	94	20	62.70	.82	5.48	7.71	76.72					
<u>Vegíð meðaltal</u>	210	100	65.32	.87	4.67	8.10	78.96					
<u>Samangeið:</u>												
Alm. verkam.v.	669	55	59.38	.69	4.49	4.72	69.30					
Aðstoð v.fagv.	87	20	69.15	.96	5.08	3.20	78.39					
Vélstjórn	210	25	65.32	.87	4.67	8.10	78.96					
	966	100	62.82	.79	4.65	5.26	73.53					

Tafla 5

Tímakaupstafla
Ársmeðaltöl 1966

Verkamenn	Heildar.		Tímak.		Helgid.		Eftirv.		Næturv.		Meðal-	
	vinnust.		í dagv.		álag		álag		álag		tímak.	
	pús.	Vog	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
	1	2	3	4	5	6	7					
<u>Alm. vinna.</u>												
Fiskvinna	150	15	49.30	1.97	3.55	8.08	61.90					
Hafnarvinna	1142	20	51.11	1.24	4.60	5.23	62.18					
Pakkhúsvinna	146	3	55.46	1.37	3.52	4.98	65.35					
Lyftaravinna	117	2	52.68	1.00	4.86	5.54	64.10					
Byggingarvinna	88	10	66.55	1.36	5.04	3.24	76.20					
Afgreiðslustörf	59	7	66.93	1.80	3.16	4.95	76.84					
Bæjarvinna	441	15	52.31	1.53	4.33	3.26	61.44					
Verksmiðjuvinna	196	11	58.24	1.87	3.96	3.04	67.12					
Slippvinna	78	2	55.15	1.72	4.00	6.42	67.30					
Ymis alm. vinna	312	15	57.57	1.87	3.90	6.44	69.78					
<u>Vegið meðaltal</u>	2.729	100	55.67	1.46	4.13	5.11	66.37					
<u>Aðstoð v. fagvinnu</u>												
Málmsmíði	137	35	64.60	2.14	4.69	3.77	75.21					
Trésmíði	94	30	59.77	1.89	4.71	2.04	68.42					
Bifvélavirkjun	89	35	69.24	2.20	4.01	4.17	79.64					
<u>Vegið meðaltal</u>	320	100	64.78	2.09	4.46	3.39	74.72					
<u>Vélstjórn:</u>												
Bílstjórar	538	80	60.63	1.66	3.78	7.91	74.00					
Ytu- og kranastj.	271	20	62.33	1.25	5.41	10.03	79.02					
<u>Vegið meðaltal</u>	809	100	60.97	1.58	4.11	8.33	75.00					
<u>Samanvegið:</u>												
Alm. vinna	2729	55	55.67	1.46	4.13	5.11	66.37					
Aðstoð v. fagvinnu	320	20	64.78	2.09	4.46	3.39	74.72					
Vélstjórn	809	25	60.97	1.58	4.11	8.33	75.00					
	3858	100	58.82	1.62	4.19	5.57	70.20					

Tafla 6

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla 1. ársfj. 1966.

<u>Verkamenn</u>	Heildar		Skipting vinnutíma			Heildar-
	vinnust.		Dvt.	Evt.	Nvt.	kaup
	<u>pús.</u>	<u>Vog</u>	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>pús.kr.</u>
	1	2	3	4	5	6
<u>Alm. verkam.v.</u>						
Fiskvinna	61	15	56.6	16.6	26.8	4199
Hafnarvinna	255	20	75.7	16.8	7.5	14074
Pakkhúsvinna	37	3	80.7	11.2	8.1	2214
Lyftaravinna	30	2	74.8	16.6	8.6	1715
Byggingarvinna	26	10	82.0	13.2	4.8	1619
Afgreiðslustörf	12	7	81.2	9.3	9.5	819
Bæjarvinna	162	15	77.9	15.2	6.9	9610
Verksmiðjuvinna	78	11	79.2	13.8	7.0	4854
Slippvinna	21	2	70.9	12.7	16.4	1371
Ymis alm.vinna	86	15	77.1	12.2	10.7	5447
<u>Vegio meðaltal</u>	768	100	74.8	14.4	10.8	45922
<u>Aðstoð v. fagvinnu</u>						
Málmsmiði	36	35	80.0	14.9	5.1	2379
Trésmiði	22	30	81.6	15.0	3.4	1401
Bifvélavirkjun	26	35	85.4	10.2	4.4	1895
<u>Vegio meðaltal</u>	84	100	82.4	13.3	4.3	5675
<u>Vélstjórn</u>						
Bílstjórar	136	80	78.1	11.0	10.9	8948
Ytu- og kranastj.	59	20	70.4	14.1	15.5	4043
<u>Vegio meðaltal</u>	195	100	76.6	11.6	11.8	
<u>Samanvegið:</u>						
Alm. vinna	55		74.8	14.4	10.8	45922
Aðstoð v. fagvinnu	20		82.4	13.3	4.3	5675
Vélstjórar	25		76.6	11.6	11.8	12991
	100		76.9	13.4	9.7	64588

Tafla 7

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla 2. ársfj. 1966.

Verkamenn <u>Véltafla 345</u>	Heildar Skipting vinnutíma				Heildar- kaup <u>bús.kr.</u>	
	vinnust. <u>bús.</u>	Dvt. <u>Vog</u>	Evt. <u>‰</u>	Nvt. <u>‰</u>		
						1
<u>Alm. verkam.vinna</u>						
Fiskvinna	41	15	58.1	12.2	29.7	2814
Hafnarvinna	295	20	65.4	15.3	19.3	19045
Pakkhúsvinna	37	3	72.5	12.4	15.1	2572
Lyftaravinna	29	2	64.3	15.7	20.0	1875
Byggingarvinna	27	10	76.4	14.2	9.4	2294
Afgreiðslustörf	13	7	76.9	10.9	12.2	1067
Bæjarvinna	86	15	72.1	16.3	11.6	5406
Verksmiðjuvinna	41	11	78.6	15.7	5.7	2865
Slippvinna	20	2	69.1	12.8	18.1	1331
Ymis alm.vinna	81	15	70.6	12.3	17.1	5994
<u>Vegið meðaltal</u>	<u>670</u>	<u>100</u>	<u>69.7</u>	<u>14.0</u>	<u>16.3</u>	<u>45263</u>
<u>Aðstoð v.fagvinnu</u>						
Málmsmíði	35	35	75.0	14.6	10.4	2904
Trésmíði	22	30	76.3	16.1	7.6	1514
Bifvélavirkjun	19	35	79.1	11.2	9.7	1558
<u>Vegið meðaltal</u>	<u>76</u>	<u>100</u>	<u>76.8</u>	<u>13.9</u>	<u>9.3</u>	<u>5976</u>
<u>Vélstjórn</u>						
Bílstjórar	141	80	68.8	10.7	20.5	10834
Ytu- og kranastj.	61	20	60.0	13.7	26.3	5142
<u>Vegið meðaltal</u>	<u>202</u>	<u>100</u>	<u>67.0</u>	<u>11.3</u>	<u>21.7</u>	<u>15976</u>
<u>Samanvegið:</u>						
Alm. verkam.v.	55	69.7	14.0	16.3	45263	
Aðstoð v. fagvinnu	20	76.8	13.9	9.3	5976	
Vélstjórn	25	67.0	11.3	21.7	15976	
	<u>100</u>	<u>70.4</u>	<u>13.3</u>	<u>16.3</u>	<u>67215</u>	

Tafla 8

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla 3. ársfj. 1966.

Verkamenn <u>Véltafla 345</u>	Heildar vinnust.		Skipting vinnutíma			Heildar kaup
	<u>pús.</u>	<u>Vog</u>	Dvt.	Evt.	Nvt.	<u>pús. kr.</u>
	1	2	3	4	5	6
<u>Alm. verkam. vinna</u>						
Fiskvinna	23	15	69.0	14.0	17.0	1331
Hafnarvinna	297	20	71.0	16.6	12.4	18979
Pakkhúsvinna	33	3	78.2	11.6	10.2	2070
Lyftaravinna	27	2	72.7	17.1	10.2	1776
Byggingarvinna	24	10	78.2	13.8	8.0	1819
Afgreiðslustörf	18	7	82.7	9.7	7.6	1264
Bæjarvinna	72	15	75.4	17.6	7.0	4448
Verksmiðjuvinna	39	11	78.3	12.7	9.0	2554
Slippvinna	19	2	73.2	12.7	14.1	1261
Ymis alm. vinna	70	15	74.4	12.0	13.6	4791
<u>Vegio meðaltal</u>	622	100	74.5	14.3	11.2	40293
<u>Aðstoð v. fagvinnu</u>						
Málsmíði	31	35	77.7	14.4	7.9	2283
Trésmíði	21	30	79.8	16.6	3.6	1512
Bifvélavirkjun	21	35	80.3	11.3	8.4	1618
<u>Vegio meðaltal</u>	73	100	79.2	14.0	6.8	5413
<u>Vélstjórn</u>						
Bílstjórar	145	80	71.6	10.9	17.5	10726
Ytu- og kranastj.	57	20	62.6	14.6	22.8	4977
<u>Vegio meðaltal</u>	202	100	69.8	11.6	18.6	15703
<u>Samantæki:</u>						
Alm. verkam. vinna		55	74.5	14.3	11.2	40293
Aðstoð v. fagvinnu		20	79.2	14.0	6.8	5413
Vélstjórn		25	69.8	11.6	18.6	15703
		100	74.3	13.5	12.2	61409

Tafla 9

Vinnutíma -og kaupgreiðslutafla - 4. ársfj. 1966.

Verkamenn <u>Véltafla 345</u>	Heildar		Skipting vinnutíma			Heildar
	vinnust.		Dvt.	Evt.	Nvt.	kaup
	<u>pús.</u>	<u>Vog.</u>	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>%</u>	<u>pús.kr.</u>
	1	2	3	4	5	6
<u>Alm. verkam.v.</u>						
Fiskvinna	25	15	72.0	11.0	17.0	1600
Hafnarvinna	295	20	70.3	17.1	12.6	19229
Pakkhúsvinna	39	3	77.0	12.5	10.5	2708
Lyftaravinna	31	2	68.2	17.1	14.7	2085
Byggingarvinna	11	10	80.2	18.0	1.8	853
Afgreiðslustörf	16	7	85.9	7.1	7.0	1430
Bæjarvinna	121	15	77.9	15.7	6.4	7527
Verksmiðjuvinna	38	11	82.9	12.8	4.3	2672
Slippvinna	18	2	77.1	13.9	9.0	1234
Ymis alm.vinna	75	15	72.5	13.4	14.1	5478
<u>Vegió meðaltal</u>	669	100	75.8	14.1	10.1	44816
<u>Aðstoð v. fagvinnu</u>						
Málmsmíði	35	35	80.2	13.9	5.9	2761
Trésmíði	29	30	80.2	16.6	3.2	2013
Bífvélavirkjun	23	35	79.9	13.0	7.1	1983
<u>Vegió meðaltal</u>	87	100	80.1	14.4	5.5	6757
<u>Vélstjórn</u>						
Bílstjórar	116	80	73.2	11.8	15.0	9252
Ytu- og kranastj.	94	20	69.6	15.2	15.2	7189
<u>Vegió meðaltal</u>	210	100	72.5	12.5	15.0	16441
<u>Samanvegið:</u>						
Alm. verkam.v.		55	75.8	14.1	10.1	44816
Aðstoð v.fagvinnu		20	80.1	14.4	5.5	6757
Vélstjórn		25	72.5	12.5	15.0	16441
		100	75.8	13.8	10.4	68014

Tafla 10
 Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla
 Ársmeðaltöl 1966

<u>Verkamenn</u>	Heildar		Skipting vinnutíma			Heildar
	vinnust.		Dvt.	Evt.	Nvt.	kaup
	<u>pús.</u>	<u>Vog</u>	<u>‰</u>	<u>‰</u>	<u>‰</u>	<u>pús.kr.</u>
	1	2	3	4	5	6
<u>Alm. verkam.v.</u>						
Fiskvinna	150	15	63.9	13.5	22.6	9944
Hafnarvinna	1142	20	70.6	16.5	12.9	71327
Pakdúsvinna	146	3	77.1	11.9	11.0	9564
Lyftaravinna	117	2	70.0	16.6	13.4	7451
Byggingarvinna	88	10	79.2	14.8	6.0	6585
Afgreiðslustörf	59	7	81.7	9.2	9.1	4580
Bæjarvinna	441	15	75.8	16.2	8.0	26991
Verksmiðjuvinna	196	11	79.7	13.8	6.5	12945
Slippvinna	78	2	72.6	13.0	14.4	5197
Ýmis alm.vinna	312	15	73.6	12.5	13.9	21710
<u>Vegio meðaltal</u>	2729	100	73.7	14.2	12.1	176294
<u>Aðstoð v. fagvinnu</u>						
Málsmíði	137	35	78.2	14.5	7.3	10327
Trésmíði	94	30	79.5	16.1	4.4	6440
Bifvélavirkjun	89	35	81.2	11.4	7.4	7054
<u>Vegio meðaltal</u>	320	100	79.6	13.9	6.5	23821
<u>Vélstjórn</u>						
Bílstjórar	538	80	72.9	11.1	16.0	39760
Ytu- og kranastj.	271	20	65.6	14.4	20.0	21351
<u>Vegio meðaltal</u>	809	100	71.4	11.8	16.8	61111
<u>Samanvegio:</u>						
Alm. verkam.v.	2729	55	73.7	14.2	12.1	176294
Aðstoð v. fagvinnu	320	20	79.6	13.9	6.5	23821
Vélstjórn	809	25	71.4	11.8	16.8	61111
	3858	100	74.3	13.5	12.2	261226

Tafla 11

Tímakaupstafla - 1. ársfj. 1966.

<u>Iðnaðarmenn</u> <u>Véltafla 265</u>	Heildar- vinnust.	Tímak. í dagv.	Helgid. álag	Eftirv. álag	Naturv. álag	Meðal- tímak.
Tímavinna	<u>pús.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>
	1	2	3	4	5	6
Skipasm. og viðg.	18	72.62	.76	6.24	13.26	92.90
Málmsmíðar	96	70.76	.76	5.35	4.92	81.81
Trésmíði	29	72.54	.70	6.57	2.87	82.69
Húsgagnagerð	13	84.82	.91	5.92	1.06	92.72
Flugvirkjun	25	79.42	.88	1.36	11.61	93.28
Bífvélavirkjun	48	75.04	.76	3.77	3.15	82.73
Rafvirkjun	26	78.66	.87	5.47	4.20	89.21
Bakarar	9	65.88	.73	1.61	5.40	73.63
Fatasaumur	5	68.71	.76	.77		70.25
Prentun og bókbönd	19	68.22	.75	.25	8.14	77.38
	<u>288</u>					

Flugáhafnir:

Véltafla 275

Flugstjórar	13	180.71
Flugáhafnir	17	121.40
Flugfreyjur	12	58.81
	<u>42</u>	

Tafla 12

Tímakaupstafla - 2. ársfj. 1966

Iónaðarmenn <u>Véltafla 265</u> Tímavinna	Heildar Tímak. vinnust. í dagv.		Helgid. álag.	Eftirv. álag	Naturv. álag	Meðal- tímak.
	<u>bús.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>
	1	2	3	4	5	6
Skipasm. og viðg.	14	75.01	7.77	4.95	9.52	97.25
Málsmíðar	93	74.61	7.77	4.92	9.28	96.59
Trésmíði	24	78.01	8.11	6.20	3.32	95.65
Húsgagnagerð	11	83.60	8.90	4.87	1.76	99.14
Flugvirkjar	20	97.47	10.48	1.48	22.07	131.61
Bífvélavirkjun	34	80.31	8.55	3.83	3.86	96.56
Rafvirkjun	29	80.13	8.46	4.84	8.26	101.71
Bókunarvinna	7	64.26	6.98	1.44	5.49	78.19
Fatasaumur	3	68.04	7.39	.19		75.62
Prentun og bókband	21	73.58	7.99		9.56	91.14
		<u>256</u>				

Flugáhafnir
Véltafla 275

Flugstjórar	15	185.72
Flugáhafnir	19	123.95
Flugfreyjur	21	59.25
		<u>55</u>

Tafla 13

Tímakaupstafla 3. ársfj. 1966

Iðnaðarmenn <u>Véltafla 265</u> Tímavinna	Heildar	Tímak.	Helgid.	Eftirv.	Naturv.	Meðal-
	vinnust.	f dagv.	álag	álag	álag	tímak.
	<u>pús.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>
	1	2	3	4	5	6
Skipasm. og viðg.	9	76.01	.07	6.19	3.76	86.04
Málmsmíðar	84	77.17	.07	6.20	8.51	91.97
Trésmíði	25	81.18	.07	7.85	4.46	93.58
Húsgagnagerð	8	102.78	.10	6.61	.96	110.46
Flugvirkjun	20	90.22	.09	1.73	21.52	113.57
Bífvélavirkjun	36	79.80	.07	4.98	5.14	90.01
Rafvirkjun	22	78.99	.07	6.42	6.67	92.17
Bökunarvinna	8	69.46	.06	1.75	5.76	77.05
Fatasaumur	3	68.06	.06	.18		68.32
Prentun og bókbönd	26	65.34	.06		7.50	72.91
		<u>241</u>				

Flugáhafnir:

Véltafla 275

Flugstjórar	13	217.72
Flugáhafnir	17	140.86
Flugfreyjur	25	67.16
		<u>55</u>

Tafla 14Tímakaupstafla - 4. ársfj. 1966

<u>Iðnaðarmenn</u> <u>Véltafla 265</u> Tímavinna	Heildar vinnust. <u>pús.</u> 1	Tímak. í dagv. <u>kr.</u> 2	Helgid. álag <u>kr.</u> 3	Eftirv. álag <u>kr.</u> 4	Naturv. álag <u>kr.</u> 5	Meðal- tímak. <u>kr.</u> 6
Skipasm. og viðg.	11	78.11	1.10	5.33	2.73	87.29
Málmsmíðar	92	79.06	1.11	5.57	5.22	90.98
Trésmíði	31	79.08	1.06	7.43	2.06	89.65
Húsgagnagerð	12	90.95	1.27	5.89	.27	98.40
Flugvirkjun	32	86.57	1.22	1.23	14.28	103.32
Bifvélavirkjun	40	80.28	1.08	5.29	2.63	89.29
Rafvirkjun	24	78.79	1.11	5.58	5.25	90.75
Bökunarvinna	9	67.88	.96	1.78	7.10	77.74
Fatasaumur	3	77.55	1.10	.28		78.94
Prentun og bókbönd	27	73.92	1.04	.00	12.77	87.74
	<u>281</u>					

Flugáhafnir:
Véltafla 275

Flugstjórar	13	221.58
Flugáhafnir	16	142.35
Flugfreyjur	15	76.86
	<u>44</u>	

Tafla 15

 Tímakaupstafla
 Ársmeðaltöl 1966.

<u>Iónaðarmenn</u>	Heildar	Tímak.	Helgid.	Eftirv.	Næsturv.	Meðal-
Tímavinna	vinnust.	í dagv.	álag	álag	álag	tímak.
	<u>pús.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>	<u>kr.</u>
	1	2	3	4	5	6
Skipasm. og viðg.	52	75.44	2.43	5.68	7.32	90.87
Málmsmíðar	365	75.40	2.43	5.51	6.98	90.33
Trésmíði	109	77.70	2.49	7.01	3.18	90.39
Húsgagnagerð	44	90.54	2.80	5.82	1.01	100.18
Flugvirkjun	97	88.42	3.20	1.45	17.37	110.44
Bifvélavirkjun	158	78.86	2.62	4.47	3.70	89.65
Rafvirkjun	101	79.14	2.63	5.58	6.10	93.46
Bökunarvinna	33	66.87	2.18	1.65	5.94	76.65
Fatasaumur	14	70.59	2.34	.36	.00	73.28
Prentun og bókbönd	93	70.27	2.46	.06	9.49	82.29
	<u>1066</u>					
<u>Flugáhafnir</u>						
Flugstjórar	54	201.43				
Flugáhafnir	69	132.14				
Flugfreyjur	73	65.52				
	<u>196</u>					

Tafla 16

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla 1. ársfj. 1966

Iðnaðarmenn <u>Véltafla 365</u>	Heildar vinnust. <u>pús.</u>	Skipting vinnutíma			Heildar kaup <u>pús.kr.</u>
		Dvt. <u>%</u>	Evt. <u>%</u>	Nvt. <u>%</u>	
Skipasm. og viðg.	18	63.2	13.5	23.3	1654
Málmsmíðar	96	77.1	14.1	8.8	7882
Trésmíði	29	79.0	16.0	5.0	2376
Húsgagnagerð	13	86.5	12.0	1.5	1239
Flugvirkjun	25	79.9	2.9	17.2	2337
Bifvélavirkjun	48	85.3	9.6	5.1	4012
Rafvirkjun	26	80.0	13.3	6.7	2281
Bókunarvinna	9	85.8	4.5	9.7	629
Fatasaumur	5	97.7	2.3	.0	373
Prentun og bókbönd	19	87.2	.7	12.1	1482
	<u>288</u>				<u>24265</u>

Flugáhafnir
Véltafla 275

Flugstjórar	13	100.0			2458
Flugáhafnir	17	100.0			2076
Flugfreyjur	12	100.0			741
	<u>42</u>				<u>5275</u>

Tafla 17

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla 2. ársfj. 1966

Iðnaðarmenn <u>Véltafla 365</u>	Helldar vinnust. <u>pús.</u> 1	Skipting vinnutíma			Helldar- kaup <u>pús.kr.</u> 5
		Dvt.	Evt.	Nvt.	
		<u>ℓ</u>	<u>ℓ</u>	<u>ℓ</u>	
Skipasm. og viðg.	14	69.9	13.0	17.1	1338
Málmsmíðar	93	68.8	13.7	17.5	8995
Trésmíði	24	77.7	16.4	5.9	2293
Húsgagnagerð	11	85.5	11.7	2.8	1096
Flugvirkjun	20	67.3	2.7	30.0	2590
Bífvélavirkjun	34	82.1	11.3	6.6	3313
Rafvirkjun	29	72.5	13.1	14.4	2928
Bökunarvinna	7	83.5	5.1	11.4	559
Fatasaumur	3	99.3	.7		233
Prentun og bókband	21	85.4	.0	14.6	1959
	<u>256</u>				<u>25304</u>
<u>Flugáhafnir</u> <u>Véltafla 375</u>					
Flugstjórar	15	100.0			2675
Flugáhafnir	19	100.0			2306
Flugfreyjur	21	100.0			1259
	<u>55</u>				<u>6240</u>

Tafla 18

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla 3. ársfj. 1966

Iðnaðarmenn <u>Véltafla 365</u>	Heildar	Skipting vinnutíma			Heildar-
	vinnust.	Dvt.	Evt.	Nvt.	kaup
	<u>pús.</u>	‰	‰	‰	<u>pús.kr.</u>
	1	2	3	4	5
Skipasm. og viðg.	9	78.5	15.3	6.2	794
Málsmíði	84	72.4	13.8	13.8	7749
Trésmíði	25	77.2	16.0	6.8	2317
Húsgagnagerð	8	88.1	10.8	1.1	862
Flugvirkjun	20	69.4	2.8	27.8	2250
Bifvélavirkjun	36	80.8	11.3	7.9	3204
Rafvirkjun	22	74.8	14.6	10.6	2004
Bökunarvinna	8	85.7	4.6	9.7	601
Fatasaumur	3	99.4	.6		232
Prentun og bókbönd	26	88.5	.0	11.5	1884
	<u>241</u>				<u>21897</u>
Flugáhafnir:					
<u>Véltafla 375</u>					
Flugstjórar	13	100.0			2822
Flugáhafnir	17	100.0			2358
Flugfreyjur	25	100.0			1656
	<u>55</u>				<u>6836</u>

Tafla 19

Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla 4. ársfj. 1966

Iðnaðarmenn <u>Véltafla 365</u>	Heildar vinnust. <u>pús.</u> 1	Skipting vinnutíma			Heildar- kaup <u>pús.kr.</u> 5
		Dvt.	Evt.	Nvt.	
		<u>‰</u> 2	<u>‰</u> 3	<u>‰</u> 4	
Skipasm. og viðg.	11	82.2	13.4	4.4	973
Málsmíðar	92	78.4	13.3	8.3	8369
Trésmíði	31	79.9	16.8	3.3	2803
Húsgagnagerð	12	88.4	11.2	.4	1166
Flugvirkjun	32	78.2	2.4	19.4	3267
Bifvélavirkjun	40	82.9	13.0	4.1	3554
Rafvirkjun	24	78.2	13.4	8.4	2210
Bökunarvinna	9	82.8	4.7	12.5	682
Fatasaumur	3	99.2	.8	.0	268
Prentun og bókbönd	27	82.5	.0	17.5	2355
	<u>281</u>				<u>25647</u>
Flugáhafnir					
<u>Véltafla 375</u>					
Flugstjórar	13	100.0			2872
Flugáhafnir	16	100.0			2281
Flugfreyjur	15	100.0			1176
	<u>44</u>				<u>6329</u>

Tafla 20

 Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla
 Ársmeðaltöl 1966.

<u>Iðnaðarmenn</u>	Heildar	Skipting vinnutíma			Heildar-
	vinnust.	Dvt.	Evt.	Nvt.	kaup
	<u>pús.</u>	‰	‰	‰	<u>pús.kr.</u>
	1	2	3	4	5
Skipasm.og viðg.	52	73.5	13.8	12.7	4759
Málmsmíðar	365	74.2	13.7	12.1	32995
Trésmíði	109	78.5	16.3	5.2	9789
Húsgagnagerð	44	87.1	11.4	1.5	4363
Flugvirkjun	97	73.7	2.7	23.6	10444
Bifvélavirkjun	158	82.8	11.3	5.9	14083
Rafvirkjun	101	76.4	13.6	10.0	9423
Bökunarvinna	33	84.5	4.7	10.8	2471
Fatasaumur	14	98.9	1.1	.0	1106
Prentun og bókbönd	93	85.9	.2	13.9	7680
	<u>1066</u>				<u>97113</u>
 <u>Flugáhafnir</u>					
Flugstjórar	54	100			10827
Flugáhafnir	69	100			9021
Flugfreyjur	73	100			4832
	<u>196</u>				<u>24680</u>

Tafla 21

Verkakonur - Tímakaupstafla

1. ársfj. 1966 <u>Véltafli 235</u>	Heildar	Tímak.	Helgid.	Eftirv.	Naturv.	Meðal-
	vinnust.	í dagv.	álag.	álag	álag	tímak.
	pús.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
	1	2	3	4	5	6
Fiskvinna	18	45.31	.11	2.11	1.74	49.28
Verksmiðjuvinna	106	43.31	.28	1.74	.83	46.18
Bökunarvinna	8	42.94	.47	.12	.63	44.17
Fatasaumur	19	45.63	.48	.18	.00	46.30
Prentun og bókbönd	6	43.96	.48	.00	.10	44.56
	<u>157</u>					
2. ársfj. 1966						
Fiskvinna	39	48.56	1.00	3.34	7.09	60.00
Verksmiðjuvinna	54	45.70	4.62	.45	.04	50.82
Bökunarvinna	6	48.69	5.29	.06	.21	54.26
Fatasaumur	6	47.12	4.66	.22	.00	52.01
Prentun og bókbönd	5	47.10	5.11	.00	.05	52.27
	<u>110</u>					
3. ársfj. 1966						
Fiskvinna	27	45.85	.03	3.74	4.87	54.50
Verksmiðjuvinna	46	48.46	.04	.67	.25	49.43
Bökunarvinna	5	52.68	.05	.00	.09	52.84
Fatasaumur	6	49.31	.04	.32	.00	49.68
Prentun og bókbönd	3	43.47	.04	.00	.01	43.53
	<u>87</u>					
4. ársfj. 1966.						
Fiskvinna	21	49.38	.22	3.47	7.92	61.01
Verksmiðjuvinna	65	49.48	.65	1.58	.31	52.04
Bökunarvinna	5	51.50	.73	.00	.49	52.73
Fatasaumur	8	48.59	.63	1.20	.00	50.42
Prentun og bókbönd	7	49.55	.70	.00	11.48	61.74
	<u>106</u>					

Tafla 22Verkakonur = Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla

1. ársfj. 1966 <u>Véltafla 335</u>	Heildar	Skipting vinnutíma			Heildar
	vinnust.	Dvt.	Evt.	Nvt.	kaup
	pús.	%	%	%	pús.kr.
	1	2	3	4	5
Fiskvinna	18	86.5	9.0	4.5	880
Verksmiðjuvinna	106	89.8	8.0	2.2	4896
Bökunarvinna	8	97.8	.6	1.6	334
Fatasaumur	19	99.2	.8		885
Prentun og bókbönd	6	99.7		.3	266
	<u>157</u>				<u>7261</u>
 <u>2. ársfj. 1966</u>					
Fiskvinna	39	71.2	11.4	17.4	2314
Verksmiðjuvinna	54	97.4	2.5	.1	2722
Bökunarvinna	6	99.1	.3	.6	333
Fatasaumur	6	98.8	1.2		322
Prentun og bókbönd	5	99.9		.1	268
	<u>110</u>				<u>5959</u>
 <u>3. ársfj. 1966.</u>					
Fiskvinna	27	72.9	14.3	12.8	1475
Verksmiðjuvinna	46	96.6	2.8	.6	2298
Bökunarvinna	5	99.8		.2	255
Fatasaumur	6	98.7	1.3		277
Prentun og bókbönd	3	99.9		.1	121
	<u>87</u>				<u>4426</u>
 <u>4. ársfj. 1966.</u>					
Fiskvinna	21	69.3	11.5	19.2	1288
Verksmiðjuvinna	65	92.8	6.5	.7	3379
Bökunarvinna	5	98.9		1.1	251
Fatasaumur	8	94.9	5.1		394
Prentun og bókbönd	7	76.5		23.5	424
	<u>106</u>				<u>5736</u>

Tafla 23

Verkakonur - Tímakaupstafla
Ársmeðaltöl 1966

	Heildar vinnust.	Tímak. í dagv.	Helgid. álag	Eftirv. álag	Næturv. álag	Meðal- tímak.
	pús.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
	1	2	3	4	5	6
Fiskvinna	105	47.28	.34	3.17	5.41	56.20
Verksmiðjuvinna	271	46.74	1.40	1.11	.36	49.62
Bökunarvinna	24	48.95	1.64	.05	.36	51.00
Fatasaumur	39	47.66	1.45	.48	.00	49.60
Prentun og bókbönd	21	46.02	1.58	.00	2.91	50.52
	<u>460</u>					

Verkakonur Vinnutíma- og kaupgreiðslutafla
Ársmeðaltöl 1966

	Heildar vinnust.	Skipting vinnutíma			Heildar kaup
		Dvt.	Evt.	Nvt.	
	pús.	%	%	%	pús.kr.
Fiskvinna	105	75.0	11.5	13.5	5957
Verksmiðjuvinna	271	94.1	5.0	.9	13295
Bökunarvinna	24	98.9	.2	.9	1173
Fatasaumur	39	97.9	2.1		1878
Prentun og bókbönd	21	94.0		6.0	1079
	<u>460</u>				<u>23382</u>

Framfærsluvísitala. Vísitala neyzzluvöru og
þjónustu, og kaupgreiðsluvísitala.

<u>Ár</u>	<u>Framfærsluvísitala</u>	<u>Vísitala neyzzluvöru</u>
1959	100	100
1960	103	109
1961	108	121
1962	119	136
1963	135	153
1964	161	183
1965	172	197
1966	191	222
- 1. ársfj.	183	212
- 2. -	189	220
- 3. -	195	227
- 4. -	196	229
1967 1. -	195	228
- 2. -	195	227

Kaupgreiðsluvísitala

<u>Ár</u>	<u>Tímabil</u>	<u>Vísitala</u>	<u>Alag á grunnlaun %</u>
1965	jan-febr.	163	-
-	marz-maí	168	3,05
-	júní-ág.	169	3,66
-	sept.-nóv.	171	4,88
-	des.	<u>175</u>	<u>7,32</u>
	Ársmeðaltöl	168,75	3,51
1966	jan.-febr.	175	7,32
-	marz-maí	178	9,15
-	júní-ág.	185	13,42
-	sept.-des.	<u>188</u>	<u>15,25</u>
	Ársmeðaltöl	182,58	11,94
1967	jan.-júní	188	15,25

Heimild: Hagstofndi.